



Grunnskólinn á Ísafirði **Endurbætur á norðurhlið**

Þakendurbætur

Útboðslýsing
Tilboðsblað

Mars 2025

Efla verkfræðistofa.
Aðalstræti 26, Ísafirði



Efnisyfirlit

TILBOÐSBLAÐ	4
FORM VERKTRYGGINGAR	5
FORM VERKSAMNINGA	6
0. ÚTBOÐSLÝSING	8
0.1 YFIRLIT	8
0.1.1 Útboð	8
0.1.2 Upplýsingar um bjóðendur.	8
0.1.3 Lauslegt yfirlit yfir verkið	9
0.1.4 Kynningarfundur - Vettvangsskoðun.....	9
0.1.5 Verksamningur - Verkáætlun.....	9
0.1.6 Tímasetningar	10
0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA	10
0.2.1 Verkkaupi	10
0.2.2 Ráðgjafi verkkaupa.....	10
0.2.3 Eftirlit verkkaupa.....	11
0.3 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR – STAÐLAR	11
0.3.1 Útboðsgögn.....	11
0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum	11
0.3.3 Uppdrættir og lýsingar	11
0.3.4 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar	12
0.3.5 Undirverktakar.....	12
0.3.6 Keðjuábyrgð aðalverktaka	12
0.3.7 Frávik frá stöðlum.....	13
0.4 TILBOÐ	13
0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs	13
0.4.2 Fylgigögn með tilboði.....	13
0.4.3 Auðkenni tilboðs.....	13
0.4.4 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs.....	13
0.4.5 Opnun tilboða	14
0.4.6 Meðferð og mat á tilboðum	14
0.4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs	14
0.5 GREIÐSLUR – VERLAGSGRUNDVÖLLUR	14
0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir	14
0.5.2 Framlag verkkaupa	15
0.5.3 Breytingar á verkinu – aukaverk - viðbótarverk	15
0.5.4 Frestir - tafabætur	15
0.5.5 Greiðslur og reikningsskil.....	15
0.5.6 Verðlagsgrundvöllur.....	16
0.5.7 Fyrirframgreiðsla	16
0.5.8 Magnbreytingar	16
0.6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR - ÁGREININGSMÁL	16
0.6.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	16
0.6.2 Verktrygging.....	17
0.6.3 Veðsetningar - Eignarréttarfyrirvarar	17
0.6.4 Misræmi í gögnum.....	17
0.6.5 Ágreiningsmál	17



0.7	VINNUSTAÐUR	17
0.7.1	Athafnasvæði og vinnuaðstaða	17
0.7.2	Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni	17
0.7.3	Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira	17
0.7.4	Umhirða á vinnustað	17
0.7.5	Öryggi á vinnustað	17
0.8	FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS.....	18
0.8.1	Verkstjórn verktaka og verkfundir	18
0.8.2	Dagbók	19
0.8.3	Gæði verksins	19
0.8.4	Efnisval og vinnuaðferðir	19
0.8.5	Efni eða aðstaða sem verkkaupi leggur til	19
0.8.6	Málsetning og mælingar	19
0.8.7	Sýnishorn og prófanir	19
0.8.8	Samskipti við yfirvöld	19
0.8.9	Úttekt	19
0.8.10	Kröfur til starfsmanna verktaka	20
0.8.11	Byggingarstjóri – Iðnmeistarar	20
0.9	FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS.....	21
0.9.1	Almenn ákvæði	21
0.9.2	Viðaukar	21



TILBOÐSBLAÐ

Ísafjarðarbær

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í verkið:

Grunnskólinn á Ísafirði –þakendurbætur norðurhlið.

Tilboðið er gert samkvæmt meðfylgjandi útboðsgögnum, dagsettum í mars 2025.

Heildartilboðsfjárhæð kr. _____

Nokkur sérákvæði útboðslýsingar:

- Verklök innanhúss **15. ágúst 2025.**
- Verklök utanhúss **30. ágúst 2025.**
- Dagsektir 0,1 % af samningsupphæð
- Verktrygging 10%, og orðuð í fullu samræmi við eyðublað á bls. 5.
- Geymslufé 0 %
- Opnun tilboða Þriðjudaginn 29 .apríl n.k. kl: 11:00.
- Virðisaukaskattur Innifalinn í tilboði.
- Útboðsform Opið útboð.

Tilboðsfjárhæðin sundurliðast í eftirfarandi verkþætti:

Nr. verkþáttar	Heiti verkþáttar	Verð kr.
0	Almennt	_____
2	Burðarvirki	_____
5	Frágangur innanhúss	_____
7	Frágangur utanhúss	_____
9	Aukaverk	_____

Samtals krónur m/vsk:

Dags: _____ Sími: _____

Nafn: _____ kt. _____

Heimilisfang: _____

Undirskrift: _____



FORM VERKTRYGGINGAR

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist verkkaupa, greiðslu á allt að kr. _____ m/vsk sem er 10% samningsfjárhæðar, sem tryggingu fyrir því, að _____ inni af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki á verkinu:

Grunnskólinn á Ísafirði – Gluggaskipti og þakendurbætur norðurhlíð.

Samkvæmt útboðs- og verklýsingu dagsettri í mars 2025 og þeim gögnum sem þar eru upp talin sem útboðsgögn.

Verktrygging þessi er sett samkvæmt ákvæðum samningsgagna.

Við verklok, þegar lokaúttekt hefur farið fram og verktaki hefur fengið viðurkenningu verkkaupa á því að hann hafi efnt skyldur sínar samkvæmt samningsgögnum, skal tryggingarupphæðin lækka í 4% samningsupphæðar eins og hún er í verklok og gildir verktrygging sú í 12 mánuði frá því framkvæmdum lýkur þ.e. lokaúttekt fer fram, allt í samræmi við samningsgögn.

Verkkaupi getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram hafa komið á verki verktaka eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem verkkaupi hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamningsins og skal greiðslan fara fram innan 14 daga frá því hennar er krafist.

Undirskrift ábyrgðaraðila
(banka eða tryggingarfélags)

Vitundarvottar:



FORM VERKSAMNINGS

Undirritaðir; Ísafjarðarbær kt: 540596-2639 sem verkkaupi, og _____, hér eftir nefndur verktaki, gerum með okkur eftirfarandi samning.

1. gr.

Verktaki tekur að sér verkið **Grunnskólinn á Ísafirði –þakendurbætur norðurhlið**. Innifalið í verkinu er meðal annars að endurvinnna þakuppbyggingu á gangi norðurhliðar á báðum hæðum, endurnýja glugga á hluta norðurhliðar og lagfæringar innanhúss á gangi. Auk fleiri verkliða í samræmi við meðfylgjandi magnskrá og útboðslýsingu, dagsettri í mars 2025 og þeim gögnum sem þar eru upptalin sem útboðsgögn.

Verklok inni 15. ágúst 2025 og úti 30. ágúst

2. gr.

Eftirtalin gögn skulu teljast hluti af samningi þessum.

1. Útboðslýsing, samningsskilmálar, verklýsing og tilboðsskrá dagsett í mars 2025.
2. Tilboðseyðublað og tilboðsskrá út fyllt og undirrituð af verktaka.
3. Teikningar.
4. Verktrygging (ábyrgðartrygging), gefin út af _____.
5. Verkáætlun verktaka.
6. ÍST 30 6. útgáfa 2012.

3.gr.

Ljúki verktaki ekki verkinu eða verkhlutum með ákveðnum skilafresti á tilskyldum tíma, skal hann greiða verkkaupa févíti (dagsektir), 0,1% af samningsupphæð hvern almanaksdag, sem framkvæmdir dragast á langinn fram yfir tilskilinn tíma.

4. gr.

Fyrir framangreint verk greiðir verkkaupi verktaka fjárhæð þá, sem tilgreind er í tilboði verktaka kr. _____ m/vsk, með þeim breytingum sem samningsgögn kveða á um. Fjárhæðin greiðist á þann hátt sem samningsgögn greina.

5. gr.

Umsjónarmaður verksins er Efla verkfræðistofa. og skal umsjónarmaður halda verkkaupa upplýstum um framgang verksins. Umsjónarmaður verksins skal vera tengiliður í samskiptum verktaka og verkkaupa



6.gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

7.gr.

Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka án undangenginnar sáttameðferðar fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Ísafjörður _____ 2025.

f.h. verkkaupa

f.h. verktaka

Vitundarvottar:



0. ÚTBOÐSLÝSING

0.1 YFIRLIT

0.1.1 Útboð

Ísafjarðarbær óskar hér með eftir tilboðum í viðhald og enduruppbyggingu á þaki, gluggum og á gangi grunnskólans á Ísafirði, norðurhlið sem afmarkast á svæði frá kennarastofu og að norðurhorni skólans, samkvæmt útboðslýsingu þessari og þeim gögnum sem þar eru talin.

Útboðið er opið öllum.

Verkkaupi: Ísafjarðarbær. Kt: 540596-2639.
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

0.1.2 Upplýsingar um bjóðendur.

Þeir bjóðendur, sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álitu sem verktakar, skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirfarandi upplýsingar. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaupi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboði sínu. Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál.

- Almennar upplýsingar um bjóðanda, svo sem starfslið og reynslu yfirmanna.
- Skrá yfir helstu verk og lýsingu á reynslu bjóðanda í sambærilegum verkum.
- Skrá yfir undirverktaka sem bjóðandi hyggst ráða til verksins.
- Skrá yfir tæki og búnað sem fyrirhugað er að nota til verksins.
- Ársreikninga síðustu tveggja ára, áritaða af endurskoðanda.
- Staðfestingu um að viðkomandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóðum um að viðkomandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.
- Upplýsingar um gæðakerfi bjóðanda.

Bjóðendum verður vísað frá ef:

- Hann er í vanskilum með lífeyrissjóðsgjöld eða opinber gjöld.
- Hann stendur í nauðungarsamningum eða gjaldþrotaskiptum.
- Hann hefur ekki tæknilega, faglega eða fjárhagslega getu til að framkvæma verkið að mati verkkaupa.



0.1.3 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verkið felur meðal annars í sér eftirfarandi verkþætti.

Utanhúss:

Endurnýja þakklæðningu einangrun og nýjar þakáfellur. Þetta sprungur útveggja með inndælingu.

Mála steypa fleti útveggja.

Innanhúss:

Endurnýja einangrun og rakavarnarlag í lofti

Taka niður timburklæðningu úr lofti og setja upp aftur.

Öll verk við framkvæmdina skal verktaki vinna samkvæmt teikningum og verklýsingum, þannig að verkkaupi beri ekki annan kostnað af að koma verkinu í það horf sem verklýsing gerir ráð fyrir, en greiðslu tilboðsfjárhæðar og þeirra gjalda sem upp eru talin hér á eftir. Í tilboðsskrá er kveðið nákvæmar á um hvaða þættir eru innifaldir í tilboðsverkinu.

Helstu magntölur verksins eru eftirfarandi:

- | | |
|-----------------------------|--------------------|
| • Rif á þakdúk og einangrun | 180 m ² |
| • Rif á áfellum | 125 m |
| • Þakklæðning | 180 m ² |
| • Kerfisloft | 160 m ² |

0.1.4 Kynningarfundur - Vettvangsskoðun

Enginn kynningarfundur né vettvangsskoðun fer fram að undirlagi verkkaupa.

Þjóðendum er bent á að kynna sér aðstæður á verkstað.

0.1.5 Verksamningur - Verkáætlun

Verk getur hafist strax eftir að verkáætlun hefur verið lögð fram og verksamningur verið undirritaður.

Gera skal skriflegan samning um verkið, drög að verksamningsformi er að finna frammar í útboðslýsingu þessari.

Áður en verksamningur er undirritaður skal verktaki gera verkáætlun (tíma- og greiðsluáætlun) um verkið í heild, sbr. grein 3.3 í ÍST 30. Verkáætlun þessi verður hluti verksamnings.

Verktaki skal fylgja verkáætluninni. Ef verkáætlun er ekki fylgt í veigamiklum verkþáttum, sem geta haft áhrif á verklok, skal verktaki tilkynna verkkaupa um seinkunina og af hverju hún stafar. Til að komast hjá röskun á verkáætluninni skal verkkaupi tímanlega leggja fram þá þjónustu sem samningur við verktaka segir til um.



Verði dráttur á slíkri afhendingu, sem veldur seinkun á verkinu gefur hann rétt á tímaframlengingu.

0.1.6 Tímasetningar

Frestur til að gera athugasemdir eða bera fram fyrirspurnir vegna útboðsins rennur út: kl. 14.00, föstudaginn 25 apríl 2025.

Frestur bjóðenda til að skila tilboðum rennur út: kl 11:00, þriðjudaginn 29. apríl 2025.

Tilboð verða opnuð : **kl. 11:00, þriðjudaginn 29. apríl 2025**

Verkið hefst: eftir að verksamningur hefur verið undirritaður
Verkinu skal að fullu lokið utanhúss: 30. ágúst 2025

Tilboð skulu berast Eflu verkfræðistofu., Aðalstræti 26, 400 Ísafirði, þar sem tilboð verða opnuð.

Verkinu telst lokið af hálfu verktaka þegar hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðs- og samningsgögnum.

0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA

0.2.1 Verkkaupi

Verkkaupi:
Ísafjarðarbær kt: 540596-2639
Umhverfis- og eignasvið
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði
Sími: 450 8000
Umsjón: Axel R. Överby
Netfang: axelov@isafjordur.is

0.2.2 Ráðgjafi verkkaupa

Ráðgjafi:
Efla verkfræðistofa.
Aðalstræti 26
400 Ísafjörður
Sími: 412-6000
Umsjón: Einar Birkir Sveinbjörnsson
Netfang: ebi@efla.is



0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupi ræður eftirlitsmann með verkinu, (verkfræðing, tæknifræðing eða byggingafræðing) er annast daglegt eftirlit á vinnustað. Eftirlitsmaður kemur fram fyrir hönd verkkaupa og ber verktaka að hlíta fyrirmælum hans. Eftirlitsmaður skal hafa óhindraðan aðgang að vinnustað og skulu sjá um að verktaki framkvæmi verkið í samræmi við útboðsgögn. Er honum heimilt að stöðva verkið ef athugasemdir hans eru ekki teknar til greina.

Eftirlitsmaður getur stöðvað notkun efnis, er hann álitur ekki nægilega gott, og krafist þess að notað verði annað efni, krafist breyttrar vinnutilhögunar, ef hann telur framkvæmd verksins ábótavant eða dæmt ónothæfan hluta af verkinu. Slíkum dómi getur verktaki skotið til úrskurðar. Slíkur ágreiningur breytir ekki skiladögum verksins samanber tilboðsblað, (sérákvæði útboðslýsingar).

Samþykki eftirlitsmanns á staðsetningu eða vinnu leysir verktaka á engan hátt undan ábyrgð þeirri sem á honum hvílir um rétta staðsetningu og gæði verksins.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits.

0.3 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR – STAÐLAR

0.3.1 Útboðsgögn

- a) Útboðs- og verklýsing þessi. 1 eintak
- b) Tilboðsblað og tilboðsskrá. 1 eintak
- c) Teikningar 1 sett
- d) Íslenskur staðall ÍST-30, 6. útgáfa 2012-01-09.
- e) Lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993.
- f) Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
- g) Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til.

Þar sem ÍST-30, 6. útgáfa og útboðs- og verklýsing stangast á, gildir útboðs- og verklýsingin.

0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum

Nú óskar væntanlegur bjóðandi eftir nákvæmari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann þá senda skriflega fyrirspurn eigi síðar **en kl. 14.00 föstudaginn 25. apríl 2025** á eftirfarandi netfang ráðgjafa verkkaupa, ebi@efla.is

Fyrirspurnir og samhljóða svarbréf verða send öllum sem fengið hafa útboðsgögn og skráð samskiptaaðila og netfang sitt, eigi síðar en **mánudaginn 28. Apríl 2025**, kl: 16:00

Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum.

0.3.3 Uppdrættir og lýsingar

Uppdrættir sem sýna breytingarnar sem vinna skal á húsnæðinu ásamt útboðslýsingu og verklýsingu tilheyra útboðsgögnum þessum.



0.3.4 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, sjá m.a. kafla 0.3.1 og reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd. Þjóðendur skulu m.a. kynna sér og starfa samkvæmt eftirfarandi en ekki er um tæmandi talningu að ræða:

- Byggingarreglugerð 112/2012.
- Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Reglugerð um hollustuhætti 941/2002.
- Lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Lögreglusamþykkt.
- Reglum Vinnueftirlits ríkisins.
- Reglur um jarðstrengi, vatns- og fráveitulagnir.

Þjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.3.5 Undirverktakar

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30.

0.3.6 Keðjuábyrgð aðalverktaka

Verktaki skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Ofangreint skal eiga við óháð lengd starfstíma starfsmanns.

Verktaki ber ábyrgð á og skal hafa í gildi og viðhalda tryggingum fyrir tjóni vegna slysa, veikinda, sjúkdóma, sjúkrakostnað eða dauða sem starfsmenn verktaka gætu orðið fyrir og rekja má til framkvæmda verksins. Verktaki ber ábyrgð á að undirverktakar og starfsmannaleigur og starfsmenn þeirra hafi samskonar tryggingar. Um lágmarks ábyrgðarfjárhæðir trygginga og aðra skilmála skal miða við ákvæði um skyldutryggingar í kjarasamningum hverju sinni. Verktaki skal halda verkkaupa skaðlausum af kröfum starfsmanna, verktaka, undirverktaka og starfsmannaleiga sem rekja má til slíkra tilvika. Slík trygging skal vera í gildi allan verktím og er verktaka skylt að afhenda afrit af tryggingarskírteini sem sýna að slík trygging sé fyrir hendi. Hvenær sem er á samningstíma skal verktaki geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Verktaki skal framvísa gögnum sem sýna verkkaupa fram á að ofangreind réttindi, kjör, tryggingar og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem þess er óskað.

Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða verktaki getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati verkkaupa, er verkkaupa heimilt að innheimta dagsektir úr hendi verktaka að fjárhæð allt að kr. 50.000 með VSK á dag, fyrir hvern starfsmann þar sem réttindi eru ekki uppfyllt, eða fyrir hvern dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiddast þar til bætt hefur verið úr. Nái heildarfjárhæð dagsekta 10% af samningsfjárhæð er verkkaupa heimilt að rifta samningi.



Verkkaupa er heimilt vegna dagsekta eða vangoldinna launa að halda eftir greiðslum eða ganga á verktryggingu og áskilur sér rétt til að ráðstafa greiðslum til þolanda/starfsmanns í samráði við viðkomandi stéttarfélag eftir því sem við á.

0.3.7 Frávik frá stöðlum

ÍST-30:2012 - Útboðsgögn mynda eina heild og skal litið á þau í samhengi þegar þau eru túlkuð (ásamt öðrum stöðlum eða gögnum sem vísað er til í verklýsingum eða á teikningum). Stangist ákvæði ÍST-30:2012 á við ákvæði útboðs- og samningskilmála skulu ákvæði ÍST-30:2012 víkja.

0.4 TILBOÐ

0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs

Bjóðendur skulu fylla út tilboðsskrá, sem fylgir með útboðslýsingu þessari, aftan við tilboðsblað. Í hverjum einstökum lið skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka vegna viðkomandi verkliðar, svo sem yfirstjórn, opinber gjöld, ágóði o.s.frv.

Í verklýsingum er gerð grein fyrir reglum, sem magntölur eru reiknaðar eftir. Ef verktaki telur efnisþörf vegna verkliðar meiri en fram kemur í áður nefndum reglum, t.d. vegna rýrnunar, skal hann hækka einingarverðið. Í einingarverði skal innifalinn allur kostnaður verktaka vegna viðkomandi verkliðar, svo sem yfirumsjón verktaka, förgun á efni sem skal fjarlægja, opinber gjöld, virðisaukaskattur, ágóði og umframmagn efnis sem bjóðandi telur nauðsynlegt fram yfir það sem tilgreint er í magntölum t.d. vegna rýrnunar, einnig skal innifalinn allur kostnaður vegna festinga og skal taka tillit til þess í einingarverði viðkomandi verkliðar. Ef margföldunar- eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá, skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðsins.

Bjóðendum er heimilt að skila útfylltri tilboðsskrá í lokuðu innsigliðu umslagi með tilboði sínu. Verður það ekki opnað, nema tilboðið komi til álita. Útfyllt tilboðsskrá skoðast sem trúnaðarskjal milli verkkaupa og bjóðenda. Ef bjóðandi skilar ekki útfylltri tilboðsskrá með tilboði sínu, verður tilboð hans ekki tekið til greina.

0.4.2 Fylgigögn með tilboði

Á ekki við í þessu útboði

0.4.3 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi, merkt:

„Grunnskólinn á Ísafirði – Þakendurbætur, norðurhlið.“

0.4.4 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs

Verkkaupi fer ekki fram á tilboðstryggingu.

Ákvæði um frest til að taka tilboði eru í kafla 2.6 í ÍST 30.



0.4.5 Opnun tilboða

Tilboðum skal skila til **Eflu verkfræðistofu, 2.hæð Aðalstræti 26, 400 Ísafirði fyrir kl: 11.00 þriðjudaginn 29. apríl 2025** og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem mættir eru.

0.4.6 Meðferð og mat á tilboðum

Ákvæði um val á tilboði eru í kafla 2.7 í ÍST 30. Við val á tilboði verður einungis litið til gildra tilboða frá bjóðendum sem uppfylla kröfur í kafla 0.1.3 og aðrar kröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum.

Frestur verkkaupa til að taka tilboði er 4 vikur frá opnun tilboða.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs, en einingarverð eru bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð eru einnig bindandi, innan eðlilegra marka, gagnvart þeim magnaukningum, viðbótarverkum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs” um að óútfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minniháttar vöntun eða form annmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans. Jafnframt áskilur verkkaupi sér rétt til þess að hafna tilboðum séu gögnin ekki útfyllt á fullnægjandi hátt, enda sé ekki um minniháttar ágalla að ræða.

Hagstæðasta tilboði, að mati verkkaupa, verður tekið.

Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.

0.4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.5 GREIÐSLUR – VERLAGSGRUNDVÖLLUR

0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir

Kostnaður við gerð útboðslýsingar, teikningar, verklýsingar og magnskrár, sem verkkaupi leggur til, eftirlit hans með verkinu og aðra tæknivinnu sem hann ákveður sjálfur og ekki er talin í útboðsgögnum.



0.5.2 Framlag verkkaupa

Verktaki skal leggja til allt efni nema það sem lýst er í kafla 0.8.5 Efni sem verkkaupi leggur til.

0.5.3 Breytingar á verkinu – aukaverk - viðbótarverk

Orðskýringar: Með orðinu aukaverk í útboðsgögnum þessum er átt við þau verk sem framkvæma þarf til þess að hægt sé að ljúka við verksamning en ekki er gert ráð fyrir í útboðsgögnum að greitt sé fyrir.

Með orðinu viðbótarverk í útboðsgögnum þessum er átt við þau verk sem verkkaupi óskar eftir að framkvæmd verði en ekki lá fyrir ákvörðun á útboðsstigi um að framkvæma.

Komi til aukaverka eða viðbótarverka vegna breytinga á verkinu skal fylgja ákvæðum ÍST 30, kafla 3.6.

Verkkaupa er heimilt að krefjast breytinga á verkinu frá verklýsingum. Verktaki á rétt á sérstakri greiðslu vegna aukins kostnaðar, sem af breytingum leiðir og skal krafan byggð á verðlagi samnings að viðbættum verðbótum samkvæmt samningi og skal hún koma fram áður en framkvæmd breytingar hefst. Leiði breyting til lækkaðs kostnaðar, getur verkkaupi á sama máta krafist lækkunar á samningsfjárhæð enda sé sú krafa gerð þegar í stað og á sama grundvelli og áður er lýst um aukin kostnað. Aðilar skulu semja um þá hækkun eða lækkun samningsfjárhæðar, sem leiðir af kröfum verkkaupa um breytingar áður en vinna við verkliðinn hefst, en ekki skal sú samningsgerð valda töfum á öðrum verkliðum.

Verktaki má engin aukaverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

0.5.4 Frestir - tafabætur

Verktaki skal ganga frá verkáætlun áður en gengið er frá verksamningi. Verktaki skal haga verkum sínum þannig, að verkáætlun raskist sem minnst.

Verkbyrjun getur hafist að lokinni undirritun verksamnings.

Verkinu skal ljúka innanhúss 15. Ágúst og að fullu lokið eigi síðar en 30. ágúst 2025.

Ljúki verktaki ekki verkinu á tilskildum tíma, skal hann greiða verkkaupa févítí (dagsektir), 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern almanaksdag, sem byggingartíminn dregst á langinn fram yfir tilskilinn tíma.

0.5.5 Greiðslur og reikningsskil

Greitt verður fyrir verkið eftir framvindu þess. Reikningum skal framvísa hjá Eflu verkfræðistofu, eftirlitsmanns til yfirferðar og samþykktar. Verði dráttur á greiðslum lengri en 14 dagar, á verktaki rétt á almennum víxilvöxtum eins og þeir eru í Landsbanka Íslands, þar til reikningurinn hefur verið greiddur. Greitt verður til verktaka samkvæmt yfirfarinni (leiðréttri) tilboðsskrá. Reikningar skulu lagðir fram samkvæmt samkomulagi á fyrsta verkfundi. Greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni. Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við eftirlitsmann verkkaupa og við reikningagerð, minnst þrem dögum fyrir mánaðamót,



skal haft samráð við hann um mat á greiðsluhlutfalli til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna.

Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum verktaka, enda er verktrygging 10% af samningsfjárhæð samkvæmt grein 0.6.2 „Verktrygging“.

Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna auka- og viðbótarverka, þeim fylgi greinargerð um verkið á eyðublöðum sem verkkaupi afhendir og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Reikningar skulu skráðir á:

- Ísafjarðarbæ kt: 540596-2639

0.5.6 Verðlagsgrundvöllur

Ekki verða greiddar neinar verðbætur á verkið. Tilboð skal miða við verðlag á opnunardegi tilboða.

0.5.7 Fyrirframgreiðsla

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.5.8 Magnbreytingar

Einingarverð skal gilda óbreytt þar til séð verður að samanlögð magnbreyting við ákveðna verkliði verði meiri en 25% og að verð fyrir viðkomandi verkliði vegi meira en 3% í samningsfjárhæð. Í slíku tilfelli á hvor aðili um sig rétt á endurskoðun á einingarverði fyrir verkið með tilliti til áhrifa sem magnbreytingin kann að hafa á það. Einvörðungu þeir kostnaðarþættir sem eru háðir magni koma til endurskoðunar.

0.6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR - ÁGREININGSMÁL

0.6.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld

Ábyrgð og áhætta er skilgreind í kafla 3.9 í ÍST 30:2012.

Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til því er lokið á verktaki að hafa og kosta allar nauðsynlegar váttryggingar sem leiða af framkvæmd þessari.

Verktaki skal sjá um að allt starfsfólk sem starfar við verkið sé slysatryggt og að greidd séu laun og lögboðin og samningsbundin gjöld skv. gildandi kjarasamningum vegna starfsfólks. Verktaki skal afhenda verkkaupa, ef hann óskar, afrit af tryggingarskírteinum fyrir þeim ábyrgðartryggingum, sem hann tekur vegna verksins á hverjum tíma.

Verkkaupi tekur engar váttryggingar vegna verksins.



0.6.2 Verktrygging

Verktaki skal við undirskrift verksamnings leggja fram verktryggingu sem nemur 10 % af tilboðsupphæð frá banka eða tryggingarfélagi. Orðalag verktryggingar skal vera í fullu samræmi við eyðublað, sem fylgir útboðsgögnum þessum.

0.6.3 Veðsetningar - Eignarréttarfyrrvarar

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verk tímanum.

0.6.4 Misræmi í gögnum

Ef um ósamræmi er að ræða í útboðsgögnum skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Ef um er að ræða verulega villu, sem leiðir til kostnaðarbreytinga vísast til ÍST 30.

0.6.5 Ágreiningsmál

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið samkvæmt fyrirmælum verkkaupa, sbr. ÍST 30. Rísi ágreiningur um mál þetta skal því skotið til Héraðsdóms Vestfjarða.

0.7 VINNUSTAÐUR

0.7.1 Athafnasvæði og vinnustaða

Verktaki skal hafa samráð við eftirlitsmann verkkaupa telji hann þörf á auknu vinnusvæði eða setja upp aðstöðu.

Þjóðendur eru hvattir til að kynna sér aðstæður á verkstað.

0.7.2 Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni

Verktaki skal í samráði við eftirlitsmann verkkaupa setja upp snyrtilegan vinnuskúr fyrir starfslíð sitt telji hann þörf á. Staðsetning skal valin í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

0.7.3 Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira

Á ekki við í þessu útboði.

0.7.4 Umhirða á vinnustað

Verktaki skal ávallt ganga vel og snyrtilega um vinnusvæðið, hreinsa upp og fjarlægja allt rusl sem til fellur jafnóðum og farga því.

0.7.5 Öryggi á vinnustað

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við fulltrúa verkkaupa um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en verkið hefst ber



verktaka að yfirfara með umsjónarmanni verkkaupa atriði öryggiskerfis og stefnu fyrirtækis og varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru m.a. vegna umferðar á vinnustað. Síðan sér verktaki um að varúðarráðstöfunum þeim sem taldar eru nauðsynlegar sé framfylgt.

Allur búnaður verktaka og tæki, sem eru úttektarskyld, skulu tekin út og samþykkt af þar til bærum yfirvöldum.

Verkkaupi leggur mikla áherslu á að starfsmenn verktaka virði öryggisreglur og reglur um notkun persónuvarna. Brjóti einstakir starfsmenn verktaka þessar reglur getur eftirlitsmaður verkkaupa krafist þess að þeir víki frá verkinu.

Verktaki skal ávallt hafa búnað fyrir skyndihjálpi í tækjum sínum.

Á fyrsta verkfundi og áður en framkvæmdir hefjast skal undirritað skriflegt samkomulag um fyrirkomulag þessara mála í samræmi við gildandi reglur Vinnu- eftirlits ríkisins hverju sinni. Á verkfundum skal ávallt fara yfir og skrá hvort óhöpp, slys eða næstum slys hafi orðið við vinnu verktaka frá síðasta fundi. Þá skal einnig ræða fyrirbyggjandi aðgerðir.

0.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS

0.8.1 Verkstjórn verktaka og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í kafla 4.1.2 í ÍST 30.

Verkfundir skulu fara fram í upphafi verks og síðan að jafnaði á tveggja vikna fresti.

Á verkfundum skal færa verkfundargerð þar sem fram koma eftirfarandi atriði.

Fyrsti verkfundur:

1. Dagsetning samnings og samningsupphæð.
2. Verkáætlun, þ.m.t. fjármagnsstreymi.
3. Verkstjórnendur verktaka.
4. Umsjónarmaður verkkaupa.
5. Hönnunargögn afhent verktaka.
6. Mælingar.
7. Fyrirkomulag verkfunda og fundargerðir.
8. Önnur mál.

Dagskrá venjulegra verkfunda:

1. Síðasta fundargerð, athugasemdir og undirritun.
2. Verkstaða m.t.t. verkáætlunar.
3. Tæki og mannaflí.
4. Hönnunargögn, breytingar.
5. Nýjar kröfur verktaka.
6. Eldri óafgreiddar kröfur.
7. Mælingar.
8. Úttektir (lokaúttekt á lokafundi).
9. Athugasemdir verkkaupa.
10. Önnur mál.
11. Greiðslur, uppgjör.



0.8.2 Dagbók

Verktaki skal fylla út daglega og leggja fyrir eftirlitsmann skýrslu, dagbók, sem sýnir hvaða verk voru unninn, tímafjöldi, magn, starfsmannafjöldi, vélar sem notaðar voru viðkomandi dag, veðurfar og annað sem máli kunna að skipta varðandi greiðslur og framvindu verksins. Dagbókin skal vera í tvíriti og skal verktaki afhenda eftirlitsmanni afrit hennar. Öll aukaverk skulu færð sérstaklega inn í þessa dagbók. Fulltrúar verktaka og verkkaupa skulu báðir undirrita dagskýrslurnar. **Vinna við þennan lið skal vera innifalin í einingarverðum verkþátta.**

0.8.3 Gæði verksins

Öll vinna við verkið skal vera í samræmi við kröfur útboðsgagna. Þeir sem vinna verkið skulu hafa þá reynslu og færni sem með þarf til að vinna verkið og full réttindi á tæki sem notuð eru.

Af hálfu verkkaupa verður eftirlit með verklagi verktaka. Ef eftirlitsmaður verkkaupa verður þess var að verk er illa af hendi leyst, getur hann krafist þess að verktaki bæti verklag sitt og bæti einnig það sem illa var leyst af hendi ef það er hægt vegna eðli vinnunnar.

0.8.4 Efnisval og vinnuáferðir

Á ekki við í þessu útboði.

0.8.5 Efni eða aðstaða sem verkkaupi leggur til

Verkaupi leggur til þá glugga og það gler sem skipta á um, gluggar eru í geymsluhúsnæði Ísafjarðarbæjar á Suðurtanga, verktaki þarf að sækja þá þangað og koma þeim á verkstað til ísetningar, vinna við flutning gluggana skal vera innifalin í einingarverði á ísetningu glugga og glers.

0.8.6 Málsetning og mælingar

Verktaki skal sjá um allar mælingar.

0.8.7 Sýnishorn og prófanir

Á ekki við í þessu útboði.

0.8.8 Samskipti við yfirvöld

Á ekki við í þessu útboði.

0.8.9 Úttekt

Eftirlitsmaður verkkaupa mun sjá um allar úttektir og skal verkið vinnast í fullu samráði við hann. Eftirlit eftirlitsmanns verkkaupa kemur ekki í staðinn fyrir annað opinbert eftirlit.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur að fullu staðið við skuldbindingar sínar skv. útboðsgögnum og verksamningi, og öllum auka jarðveg og allt rusl og afgangsefni hefur verið flutt burt af vinnusvæðinu og komið í förgun á viðurkenndum stað.



Allur förgunar-og flutningskostnaður skal vera innifalinn í einingarverðum. Einnig skal upphaldskostnaður og akstur vera innifalinn í einingarverði aðstöðulið.

0.8.10 Kröfur til starfsmanna verktaka

Forsvarsmenn og stjórnendur í verkefninu skulu hafa mikla og víðtæka reynslu af sambærilegum verkefnum og full réttindi þar sem þess er þörf. Í umbeðnum upplýsingum með tilboði skal gera grein fyrir reynslu þessara manna. Aðrir starfsmenn verktaka skulu að jafnaði hafa reynslu af slíkum verkum og vera vel þjálfaðir og vel upplýstir um allar kröfur verkkaupa og aðstæður á verkstað.

0.8.11 Byggingarstjóri – Iðnmeistarar

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri sem uppfyllir hæfniskröfur byggingarreglugerðar.

Verktaki útvegar byggingarstjóra eins og því er lýst í lögum og gildandi byggingarreglugerð.

Áritun byggingarstjóra á eyðublað byggingarfulltrúa nær aðeins til þeirrar framkvæmda sem þetta tilboð tekur til auk tengdra aukaverka verksins.

Iðnmeistarar sem verktaka ber að ráða til verksins skulu samþykkja að aðrir iðnmeistarar hefji framkvæmdir við bygginguna þó ekki sé lokið að fullu þeim verkum er verktaki annast. Iðnmeistarar skulu fallast á meistaraskipti þegar þeir hafa lokið verkum sínum samkvæmt samningi og þess er óskað af verkkaupa.

Áritun iðnmeistara á teikningar eða umsóknareyðublöð hjá byggingarfulltrúa eða rafmagnsveitu veita ekki réttindi til frekari starfa við framkvæmdina en þetta útboð nær til.



0.9 FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS

0.9.1 Almenn ákvæði

Tilboð skal miðast við almenna útboðs- og verksamningsskilmála íslenska staðalsins, ÍST 30, 6. útgáfa, með þeim viðaukum, sem taldir eru í þessum sér skilmálum.

0.9.2 Viðaukar

ÍST 30 - 3.1. Verksamningar.

Gera skal sérstakan skriflegan verksamning um verkið.

ÍST 30 - 3.3. Verkáætlun.

Gerð verður krafa um, að verktaki skili skriflegri verkáætlun um verkið, áður en framkvæmdir hefjast.

ÍST. 30 - 4.3. Gæði verks, sérgreint efni.

Óski verktaki eftir því að nota annað efni en sérgreint er í verklýsingu, og er það heimilt að því tilskyldu að verktaki leggi fram gögn um gæðin, sem verkkaupi tekur gild.

ÍST 30 – 5.2 Frestir, févítí.

Ljúki verktaki ekki verkinu eða verkhlutum með ákveðnum skilafresti á tilskyldum tíma, skal hann greiða verkkaupa févítí (dagsektir), 0,1 % af samningsupphæð hvern almanaksdag, sem byggingartíminn dregst á langinn fram yfir tilskilinn tíma.

ÍST 30 - 4.4 Verklok.

Verktaki telst ekki hafa lokið verkinu fyrr en allt rusl og afgangsefni hefur verið flutt af vinnusvæðinu.

ÍST 30 - 5.1 Greiðslur.

Í skriflegan verksamning verða sett ákvæði um greiðsluáfanga.